



Ákvörðun nr. 6/2016

Álagning dagsekta á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í grunnskoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, kt. 630269-0249 að Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík, þann 23. maí 2014, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Að í áhættumati skyldi fara yfir aðbúnað og öryggi í klórgeymslu og gera úrbætur í samræmi við það.
- Að í áhættumati skyldi fara yfir staðsetningu bakaraofns og uppþvottavélar og gera úrbætur til að koma í veg fyrir álag á bak, háls og herðar.
- Að hafa skyldi öryggisblöð með varúðarmerktum efnum.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum og 5. gr. reglna nr. 499/1994 um öryggi og heilbrigði þegar byrgðar eru handleiknar. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að félagið skyldi tilkynna stofnuninni um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, dags. 7. ágúst 2015 og 29. september 2015. Þrátt fyrir framangreindar ítrekanir þá var ekki brugðist við fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 22. ágúst 2016, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Enginn viðbrögð voru af hálfur fyrirtækisins við framangreindu bréfi.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð, þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 40 starfsmenn hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra en fyrirtækið rekur æfingarstöð og sumar- og helgardvalastað.

III. Ákvörðunarorð

„Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, kt. 630269-0249, hefur brotið gegn 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum og 5. gr. reglna nr. 499/1994 um öryggi og heilbrigði þegar byrgðar eru handleiknar.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Skal fyrirtækið greiða kr. 30.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 6. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar frá 23. maí 2014”